

upphæðum (alls kr. 2052.72) ber hins vegar að draga kr. 300.00, sem stefndur hafa viðurkennt, að stefndur hafi greitt, en þar sem ósannað er gegn mótmælum stefnenda, að þeir eigi sök á göllum þeim, sem fram hafa komið á málningunni, getur hér að lútandi krafa stefnds ekki orðið tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 2052.72 ÷ kr. 300.00, eða kr. 1752.72 ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið. Með tilliti til málavaxta þykir rétt, að stefndur greiði stefnendum kr. 100.00 upp í málskostnað.

Fulltrúi lögmanns, Árni Tryggvason, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Haraldur Bjarnason, greiði stefnendum, Ásbirni Ó. Jónssyni og Sofus Jakobsen, kr. 1752.72 með 5% ársvöxtum frá 1. ágúst 1942 til greiðsludags og kr. 100.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 10/1943. Stefán Runólfsson
gegn

Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og heimvisun.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 20. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum 14. f. m. í bæjarþingi Reykjavíkur af fulltrúa lögmanns Bjarna Bjarnasyni, um vitnaskyldu Ragnars Bjarkans í málinu: Rafveita Austur-Húnavatnssýslu gegn Stefáni Runólfssyni. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og synjað verði heimildar til að leggja spurningar þær, sem í málinu greinir, fyrir nefnt vitni.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hinum áfrýjaða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins

né málsatvik og kröfum og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrir-mæla 2. mgr. 190. gr. og 1. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1943.

Umboðsmaður stefnds hefur mótmælt því, að spurningarnar á rskj. 13 væru lagðar fyrir vitnið, Ragnar Bjarkan, á þeim grundvelli, að þær séu til skýringar dómsskjali annars vegar og hinsvegar séu svör við þeim þýðingarlaus fyrir úrslit málsins. Fyrri mótbáran virðist eingöngu eiga við fyrstu spurninguna, og verður ekki séð, að vitninu sé óheimilt að svara henni af þeim orsökum. Hvað síðari mótbáruna snertir, verður ekki að svo stöddu séð, að svörin séu þýðingarlaus fyrir úrslit málsins, ekki sízt þar sem stefndur virðist hafa með greinargerð sinni á rskj. nr. 5 gefið tilefni til þess, að spurningarnar eru fram komnar.

Því úrskurðast:

Framangreindar spurningar verða lagðar fyrir vitnið.
